

Greiðsluskipting milli sjúkratrygginga og einstaklinga vegna lyfjakaupa

Lyf skiptast í grófum dráttum í fjóra flokka eftir greiðsluskiptingu milli sjúkratrygginga og einstaklinga. Greiðsla sjúkratrygginga reiknast út frá viðmiðunarverði lyfsins, sem er lægsta verð sambærilegs lyfs á markaði. Ef verð ávísað lyfs er hærra en viðmiðunarverð lyfsins, greiðir sjúklingur mismuninn.

„*“ merkt lyf: Lyf sem sjúkratryggingar greiða að fullu

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku vegna kaupa á lyfi sem er í einhverjum neðantalinnu lyfjaflokka, greiða sjúkratryggingar það að fullu fyrir sjúkratryggða einstaklinga. Slík lyf eru merkt með stjörnu „*“ í lyfjaverðskrá.

<u>Lyfjaflokkur</u>	<u>ATC-flokkur</u>
Sykursýkislyf	A 10
Cýpróterón	G 03 H A 01
Blóðsykurhækkandi lyf	H 04 A
Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemperunar	L
Andkólínvirk lyf	N 04 A
Geðrofslyf	N 05 A
Gláku- og ljósopsþrengjandi lyf	S 01 E

„B“ - merkt lyf: Lyf sem sjúkratryggingar greiða að hluta

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku vegna kaupa á lyfi sem er í einhverjum neðantalinnu lyfjaflokka skulu sjúkratryggingar greiða það að hluta. Slík lyf eru merkt með „B“ í lyfjaverðskrá.

<u>Lyfjaflokkur</u>	<u>ATC-flokkur</u>
Lyf gegn þarmabólgu	A 07 E
Vítamín D og hliðstæður	A 11 CC
Hjartasjúkdómalyf	C 01
Beta-blokkar	C 07
Kalsíumgangalokar	C 08
Lyf með verkun á renínangíótensín kerfið	C 09
Psoriasislyf	D 05
Barksterar (kortíkósteróíðar) húðlyf	D 07
Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
Punglyndislyf (antidepressiva)	N 06 A
Hydroxýklórókin	P 01 BA 02
Lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi	R 03

Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir einstaklingur fyrstu 2.300 kr. af verði lyfsins og 68% af verðinu umfram það, þó aldrei meira en **4.400 kr.** Sjúkratryggingar greiða það sem á vantar. Elli- og örorkulífeyrisþegar, börn yngri en 18 ára og einstaklingar með fullar atvinnuleysisbætur greiða fyrstu 850kr. fyrir hverja lyfjaávisun og 53% af verði lyfsins umfram það, þó ekki meira en **1.400 kr.**

„E“ – merkt lyf: Lyf sem sjúkratryggingar greiða að hluta

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðslupátttöku vegna kaupa á lyfi sem hvorki er „*“ merkt né „B“ – merkt, skulu sjúkratryggingar greiða það að hluta. Slík lyf eru merkt með „E“ í lyfjaverðskrá.

Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir einstaklingur fyrstu 2.300 kr. af verði lyfsins og 84% af verðinu umfram það, þó aldrei meira en **6.500 kr.** Sjúkratryggingar greiða það sem á vantar. Elli- og örorkulífeyrisþegar, börn yngri en 18 ára og einstaklingar með fullar atvinnuleysisbætur greiða fyrstu 850 kr. fyrir hverja lyfjaávisun og 53% af verði lyfsins umfram það, þó ekki meira en **1.800 kr.**

„0“ – merkt lyf: Lyf sem einstaklingur greiðir að fullu

Hafi lyfjagreiðslunefnd ákveðið að lyf skuli ekki greitt af sjúkratryggingum skulu lyfin auðkennd með „0“ í lyfjaverðskrá.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) er heimilt að ákvarða greiðslupátttöku í „0“-merktum lyfjum með útgáfu lyfjaskírteina. SÍ setur ákveðin skilyrði og gefur út vinnureglur fyrir útgáfu lyfjaskírteina sem birtar eru á heimasíðu stofnunarinnar.

Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu lyfja sem fáanleg eru í lausasölu nema í eftirfarandi tilvikum:

1. Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu eftirfarandi lausasölulyfja ef þeim er ávísað með lyfseðli:
Kalíumklóríð (Kaleorid) skv. E-merkingu
Estríól (Ovestin) skv. E-merkingu
Gervítár skv. E-merkingu
Glycerýlnítrat (Nitromex) skv. B-merkingu
2. Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu þeirra lausasölulyfja sem eru með skráð greiðslupátttökuverð í lyfjaverðskrá og gefin hafa verið út lyfjaskírteini fyrir.

Lyfjaskírteini – aukin greiðslupátttaka sjúkratryggingar

Sí er heimilt í ákveðnum tilvikum, samkvæmt umsókn, að ákvarða aukna greiðslupátttöku sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum og gefa út lyfjaskírteini því til staðfestingar í samræmi við vinnureglur sem stofnunin setur sér. Nánari upplýsingar um hvaða lyf/lyfjaflokka gefin eru út lyfjaskírteinin fyrir, er á heimasíðu SÍ.